

## 10. gr.

Kvenfélag Saurbæjarhrepps skal á aðalfundi félagsins ár hvert kjósa tvær konur til þess að endurskoða reikninga sjóðsins næsta reikningsár hans. Skulu reikningar sjóðsins með árituðum athugasemdum endurskoðenda lagðir fram á aðalfundi félagsins ár hvert til úrskurðar og samþykktar. Leggist kvenfélagið niður og konur kosnar almennri kosningu taki við stjórn sjóðsins, skulu endurskoðendur kosnir á sama fundi og stjórn og til sama tíma.

## 11. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið og skulu reikningar fullgerðir í lok febrúarmánaðar ár hvert.

## 12. gr.

Breytingar á verksviði og tilgangi sjóðsins eru því aðeins gildar, að þær séu samþykktar með  $\frac{2}{3}$  atkvæða félagskvenna eða af helmingi atkvæðabærra kvenna í hreppnum, og að þær öðlist konungsstaðfestingu.

## 13. gr.

Leita skal konungsstaðfestingar á skipulagsskrá þessari.

## 14. gr.

Skipulagsskráin óskast birt í B-deild Stjórnartíðindanna.

## REGLUGERÐ

### fyrir Norður-Ísafjarðarsýslu um hreinsun hunda af bandormum og varnir gegn þeim.

## 1. gr.

Allir hundar í sýslunni, þriggja mánaða og eldri, skulu hreinsaðir af bandormum og baðaðir á tímabilinu frá 1. nóv. til 1. des. ár hvert. Séu sérstakar ástæður fyrir hendi, getur hreppsnefnd í samráði við lækningamann, fyrirskipað aukahreinsanir á öðrum tíma árs.

## 2. gr.

Sýslunefndin sér um framkvæmd á hundahreinsun í sýslunni og skipar í hverjum hreppi einn mann eða fleiri til starfans. Heimilt er sýslunefnd að skipa lækningamann fyrir stærra svæði en einn hrepp, ef henta þykir.

Skipun lækningamanns skal tilkynnt héraðslækni. Skal hann láta lækningamanni í té leiðbeiningar og starfsreglur, og skal lækningamanni skylt að fara eftir þeim.

## 3. gr.

Hreppsnefnd skal sjá um, að til séu í hverjum hreppi traust og hæfileg hundahús, eitt eða fleiri. Allur kostnaður af þeim greiðist úr sveitarsjóði.

## 4. gr.

Lækningamaður skal útvega sér í tæka tíð nauðsynleg lyf til hundahreinsunarinnar frá héraðslækni eða lyfjabúð, og greiðist andvirði lyfjanna úr sýslusjóði.

Lækningamanni greiðist úr sýslusjóði ákveðið gjald yfir hvern hund, sem hreinsaður er.

44

29. apríl

45

8. maí

45 8. maí Lækningamaður tilkynnir, með ekki skemmri en viku fyrirvara, hvenær lækning skuli fara fram í hreppnum, og skulu hundaeigendur skyldir til að koma með hunda sína á lækningastaðinn, og hjálpa til að koma þeim fyrir eftir því, sem lækningamaður mælir fyrir.

## 5. gr.

Þeir hundaeigendur, er af gildum ástæðum geta eigi mætt með hunda sína á tilteknum tíma, tilkynna lækningamanni tafarlaust forföllin, en mæti síðan, samkvæmt fyrirmælum lækningamanns, en greiða skulu þeim honum 2 kr. sem aukaþóknun fyrir hvern hund.

Sé hundi vísvitandi skotið undan breinsun, skal hann réttdræpur. Ber lækningamanni að tilkynna það hreppstjóra, er sér um að hundurinn sé drepinn.

Gangi bandormur niður af hundi tvö ár í röð, skal lækningamaður lóga honum þegar í stað.

## 6. gr.

Hreppstjórar skulu láta lækningamönnum í té skrá yfir framtal hunda í hreppnum, til afnota við lækninguna. Ennfremur skal lækningamaður hafa bók, löggilta frá sýslumanni, og greiðist hún úr sýslusjóði. Í bók þessa ritar lækningamaður nöfn hundaeigenda í hreppi hverjum, tölu og aldur hunda hjá hverjum þeirra, og ennfremur hve margir koma til lækninga, og árangurinn af lækningunni.

Lækningamenn sendi sýslumanni og héraðslækni skýrslu um störf sín, samkvæmt nánari fyrirmælum.

## 7. gr.

Skylt er mönnum að varna því sem verða má, að hundar nái að eta sulli eða nokkuð annað ósoðið af innyflum eða kjöti alidýra, og ber að fullsjóða allt kjötmeti, er hundar eru fóðraðir á. Einnig skal gæta þess, að hundar komist ekki í matarílát, vatnsílát eða vatnsból, að þeir hafist ekki við í baðstofum og öðrum íbúðarherbergjum eða húrum, og að börn leiki sér ekki við þá. Þess skal gætt, að hundar sleiki ekki hráka eða uppgang úr mönnum. Hundum skal lógað áður en þeir verða mjög gamlir. Þessar og aðrar nauðsynlegar varúðarreglur gegn sullaveiki skulu heilbrigðisnefndir, þar sem þær eru til, annars hreppsnefndir, og hreppstjórar brýna fyrir mönnum, þegar tilefni og tekifæri er til.

## 8. gr.

Við hvert sláturhús skulu vera nægilega mörg ílát undir innanmei, þannig útbúin, að öruggt sé að hundar nái ekki að eta úr þeim. Við heimaslátrun skal hafa á blóðvellingum ílát með loki undir sulli og innanmei. Að lokinni hverri slátrun skal þessum sollnu líffærum brennt.

Annars skulu sláturhússtjórar og aðrir, sem við slátrun fást, fara eftir fyrirskipunum héraðslæknanna og reglum þeim, er þeir kunna að setja um þessi efni.

## 9. gr.

Brot á reglugerð þessari varða sektum frá 1—10 kr., nema þyngri refsing liggja við að lögum.

Sektirnar renna í sýslusjóð.

Mál, er út af reglugerð þessari kunna að rísa, skal farið með sem almenn lögreglumál.

## 10. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 18, frá 1890, og öðlast gildi þegar í stað.

Jafnframt er úr gildi numin reglugerð fyrir N.-Ísafjarðarsýslu um lækningu

hunda af bandormum o. fl. frá 15. marz 1897, svo og reglugerðir um breytingar á 45  
þeirri reglugerð frá 10. apríl 1905 og 9. maí 1908. 8. maí

Þannig samþykkt á sýslufundi Norður-Ísafjarðarsýslu 6. apríl 1937.

Skrifstofu Ísafjarðarsýslu, 8. maí 1937.

Torfi Hjartarson.

## AUGLÝSING

46

19. jan.

um breyting á hafnarreglugerð fyrir Búðakauptún í Suður-Múlasýslu  
frá 20. desbr. 1931.

### 1. gr.

d.-liður 8. gr. hafnarreglugerðarinnar orðist þannig:

Öll önnur skip, sem til hafnar koma, skulu greiða 10 aura af smálest hverri í fyrsta sinn, er þau koma á höfnina á ári hverju, en síðan 5 aura af hverri smálest í hvert sinn er þau koma á höfnina á því sama ári.

### 2. gr.

Fyrri málsgrein a.-liðs 9. gr. hafnarreglugerðarinnar orðist þannig:

Hvert skip, sem leggst við hafnarvirki eða bryggju, skal greiða bryggjugjald af nettóstærð skipsins, talið í heilum smálestum en brotum skal sleppa. Gjaldið skal greiða fyrir hvern  $\frac{1}{2}$  sólarhring eða hluta af  $\frac{1}{2}$  sólarhring, 4 aura af hverri smálest, þó aldrei minna en 2 krónur í hvert sinn. Minni skip en 12 smálestir skulu ekkert bryggjugjald greiða, en vera skyld til að víkja frá bryggju hvenær sem hafnarnefnd óskar þess.

Reglugerð þessi staðfestist hér með til þess að öðlast gildi 1. febrúar 1937 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 19. janúar 1937.*

Haraldur Guðmundsson.

*Vigfús Einarsson.*

## SAMÞYKKT

47

10. maí

um eyðingu svartbaks (veiðibjöllu) í Strandasýslu.

### 1. gr.

Hreppsnefndir annast eyðingu svartbaks.

### 2. gr.

Svartbak skal eyða með skotum, eða á annan hátt, er ekki veldur fuglunum langvarandi kvala.

### 3. gr.

Hreppsnefndir skulu hver í sínum hreppi ráða svartbaksskyttur eftir þörfum og skal það tafarlaust gert, þegar samþykkt þessi hefir öðlzt gildi.